



Fundargerð fræðslunefndar

Miðvikudaginn 20. janúar 2016 kl. 16.00 var fundur haldinn í fræðslunefnd Skagastrandar í Fellsborg .

Á fundinn voru mætt:

Fræðslunefnd: Péturína L. Jakobsdóttir, Baldur Magnússon, Hafdís Ásgeirsdóttir, Guðmundur Erlendsson, Vigdís Ósk Ómarsdóttir og Elín Rafnsdóttir.

Fulltrúar grunnskóla: Vera Ósk Valgarðsdóttir, Guðjón Sigurðsson, Sonja Dröfn Helgadóttir og Jóhanna Sigurjónsdóttir

Fulltrúar leikskóla: María Ösp Ómarsdóttir, Sesselja Guðmundsdóttir og Ástrós V. Vilhelmsdóttir

Sveitarstjóri: Magnús B. Jónsson

Fræðslustjóri: Þórdís Hauksdóttir

1. Fundargerð 11.6.2015

Fundargerð síðasta fundar lögð fram til áritunar.

2. Grunnskólinn

a. Skýrsla skólastjóra

Vera Ósk Valgarðsdóttir kynnti skýrslu skólastjóra fyrir skólaárið 2015- 2016. Farið var yfir starfsmannamál og breytingar sem urðu á starfinu í haust, Nemendur voru 95 á árinu. Farið var lauslega yfir starf vetrarins og áherslubreytingar sem gerðar hafa verið við kennslu og aðbúnað starfsfólks og nemenda..

b. Starfsáætlun Höfðaskóla

Farið var yfir starfsáætlun skólans og kynntar nýjungar á henni, þ.m.t. umræður um lengd kennslustunda og hugmyndir þar að lútandi. Einnig var farið yfir valgreinar sem nemendum bauðst. Þá voru kynntar breytingar á skólareglum m.t.t. athugasemda sem fram komu í úttekt námsmatsstofnunar.

Starfsáætlun staðfest af fræðslunefnd.

c. Fundargerð skólaráðs

Fundargerð síðasta fundar lögð fram til kynningar.

3. Leikskóli

a. Skýrsla leikskólastjóra

María Ösp Ómarsdóttir lagði skýrslu leikskólastjóra fram til kynningar. Fram kom að 36 nemendur eru við leikskólann og 8,5 stöðugildi á skólaárinu 2015-2016.



b. Skólanámskrá 2015-16

María Ösp Ómarsdóttir lagði skólanámskrá fram til samþykktar. Fræðslunefnd staðfesti námskrána.

4. Samstarf skólastiga

Samstarf skólastiga var rætt og aukning á því var rædd. Lagðar fram tillögur um útfærslur á það og m.a. rætt um miðlun upplýsinga á milli skólastiga.

5. Önnur mál

Ekki tekin fyrir mál undir þessum dagskrárlið.

Fleira ekki gert, fundi slitið, 17:25

Guðmundur E. Erlendsson

Péturína L. Jakobsdóttir

Vigdís Ósk Ómarsdóttir

Hafdís Ásgeirsdóttir

Baldur Magnússon

Elín Rafnsdóttir.

Vera Ósk Valgarðsdóttir

Guðjón Sigurðsson

Sonja Dröfn Helgadóttir

Jóhanna Sigurjónsdóttir

María Ösp Ómarsdóttir

Sesselja Guðmundsdóttir

Ástrós V. Vilhelmsdóttir

Þórdís Hauksdóttir

Magnús B. Jónsson